



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2021

ÍSÁN2ÍB05

Kennari:	Sólveig Sigmarsdóttir solveigsigmarsdottir@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla alla færniþætti íslensku sem annað tungumál. Færniþættirnir eru lestur og lesskilningur, talað mál, hlustun og ritun. Markvisst er unnið með að auka meðvitund nemandans um mikilvægi þess að læra íslensku sem tungumál og hvað þarf til að kunna tungumálið og hvaða aðferðir þarf til að tileinka sér til að öðlast nýjan orðaforða og betri færni í öllum færniþáttum tungumálsins. Áhersla er lögð á að efla sjálfstæða hugsun í vinnubrögðum og gagnrýna hugsun.

Undanfari: ÍSAN2ÍA05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- íslensku samfélagi, nærumhverfi og menningu
- völdum textum og rauntextum
- orðaforða sem tengist jafnrétti, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu.
- íslensku sem töluðu máli hvort sem er í samskiptum, raunheimi eða í fjölmiðlum

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýnni hugsun í ræðu og láta skoðanir sínar í ljós á skýran hátt.
- beita á markvissan hátt hjálpargögnum við frágang ritunarverkefna
- nýta málfræðireglur sem farið hefur verið yfir, til að efla eigin málfærni
- skilja og nota algeng stílbrögð í ritun
- flytja verkefni af nokkru öryggi fyrir nemendur og kennara
- lesa sér til gagns og gamans texta af ýmsum gerðum og fjalla um inntak þeirra skriflega og munnlega.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- styrkja eigin málfærni með því að nýta sér málfraeðilegar upplýsingar
- beita skýru máli í ræðu og riti
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, túlka texta og eigin afstöðu

Námsefni:

- Orðspor 1 og 2 (rafbók og hljóðbók)
- Verkefni frá kennara
- Fjölmiðlar RÚV
- Internetið

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
33.-6.	18. ágúst - 10. september	- Kennsla hefst mið. 18. okt. - Námsáætlun áfangans kynnt - Unnið með Orðspor 1 + verkefni - Hlustun + verkefni - Málfraeði innlegg	
37.-40.	13. september - 8. október	- Orðspor 1 + verkefni - Undirbúningur fyrir ritun - Haustfrí 14.-15. október - Hlustun + verkefni	Ritunarverkefni 1 Lesskilningspróf 1
41.-44.	11. október - 5. nóvember	- Frétt af netinu + verkefni - Málfraeði - Orðspor 2 + verkefni - Hlustun + verkefni	Hlustunarpróf 1 Lesskilningspróf 2 Munnleg kynning
45.-48.	8. nóvember - 3. desember	- Hlustun + verkefni - Orðspor 2 + verkefni - Internetið grein/frétt	Ritunarverkefni 2 Lesskilningspróf 3 Munnlegt próf 1
49.-50.	6. desember - 18. desember	Undirbúningur fyrir munnlegt próf	Munnlegt próf 2

Sérreglur áfangans:

Áfanginn er símatsáfangi og þurfa nemendur að ná 5 í meðaleinkunn til að ná áfanganum.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hlustun	2 hlustunarpróf	20%
Lesskilningspróf	3 lesskilningspróf	30%
Ritun	2 ritunarverkefni	20%
Munnlegt	2 munnleg verkefni	20%
Ástundun	Virkni, áhugi og mætingu	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Sólveig Sigmarsdóttir